



Umsóknarsjóður

1. Umsóknarsjóður skal vera fyrir öll íþróttafélög og golfklúbba með lögheimili í Vesturbyggð með skipulagða starfsemi fyrir börn og unglunga 18 ára og yngri og skal umsóknin endurspegla starfsemina sem er fyrir.
2. Umsóknaraðili skal skila inn hvers vegna hann muni nota styrkinn úr sjóðunum. Með umsóknum skal fylgja ársreikningur síðasta árs og einnig ársskýrsla fyrir starfsemi síðasta árs.
3. Við veitingu úr sjóðnum skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar:
 - a. Mun styrkurinn efla íþróttá-/æskulýðsstarf innan sveitarfélagsins
 - b. Sérstaklega skal horft til þess að styrkurinn sé ætlaður börnum og unglungum 18 ára og yngri
 - c. Ef um ferðastyrk sé að ræða vegna keppni skal það vera á viðurkennt mót sbr. Íslandsmót, landsmót eða bikarkeppni á vegum sérsambanda. Einnig á stærri mót sem hefð hefur skapast fyrir.
 - d. Ef um launakostnað er að ræða skal það vera fyrir þjálfara með menntun í sínu fagi.
 - e. Framlög úr sjóðunum eru ætluð til að byggja upp innra starf félaga í sveitarfélaginu s.s.s námskeiðshald ýmiss konar, ferðakostnaðar vegna keppni á viðurkennt mót o.s.frv. en ekki til að byggja upp mannviki.
4. Skila skal inn skriflegum umsóknum fyrir 1. apríl ár hvert og er íþróttá- og æskulýðsnefnd Vesturbyggðar umsagnaraðili í málinu.
5. Styrkirnir eru eftirágreiddir þ.e.a.s. greiddir út vegna verkefna sem hafa þegar verið unnin eða eru vel á veg komin. Þó er nefndinni heimilt að veita fyrirfram greidda styrki vegna sérstakra ástæðna.
6. Vesturbyggð áskilur sér rétt til að kalla eftir munnlegum skýringum vegna styrkja og einnig skýrslum vegna einstakra verkefna sem sjóðurinn hefur þegar styrkt.
7. Ef að sjóðurinn er ekki tæmdur getur íþróttá- og æskulýðsnefnd veitt einstaka styrki til félaga fyrir vel unnin störf eða gert samning við félag til að vinna ákveðið verkefni sem þörf er talin vera á innan starfssvæðis félags að mati nefndar.
8. Reglur um Umsóknarsjóð skulu endurskoðaðar reglulega með tilliti til breyttra aðstæðna.